



Fréttatilkynning
12 October 2023 15:55:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Íslandsbanki semur um viðskiptavakt með sértryggð skuldabréf

Íslandsbanki hf. hefur undirritað samninga við Arion banka hf., Kviku hf. og Landsbankann um viðskiptavakt á eftirmaðaði með sértryggð skuldabréf útgefin af Íslandsbanka og skráð á Nasdaq Iceland.

Tilgangur samninganna er að efla viðskipti með þau skuldabréf sem samningarnir taka til í því skyni að eðlilegt markaðsverð skapist á skuldabréfunum og verðmyndun verði með skilvirkum og gagnsæjum hætti.

Frá og með 16. október 2023 munu viðskiptavakar daglega setja fram kaup- og sölutilboð í skuldabréfin í samræmi við nýjan samning.

Lágmarksfjárhæð miðast við útistandandi nafnverð í hverjum flokki í samræmi við töflu:

Stærð flokks (ma. kr.)	Lágmarkstilboð (m.kr.)	
	Óverðtryggðir flokkar	Verðtryggðir flokkar
0 - 3	0	0
3 – 5	20	20
5 – 10	60	40
Yfir 10	80	40

Skyldur einstakra viðskiptavaka falla niður á tilteknum viðskiptadegi ef viðskiptavaki hefur átt viðskipti (tilgreind "AUTO") með sértryggð skuldabréf fyrir 500 m. kr. að nafnverði samanlagt í þeim flokkum sem samningurinn nær til.

Hámarksmunur kaup- og sölutilboða fer eftir árafjölda til lokagjalddaga á hverjum tíma sbr. neðangreinda töflu:



Fréttatilkynning
12 October 2023 15:55:00 GMT

Árafjöldi til lokagjalddaga	Hámarksmunur óverðtryggðra skuldabréfa	Hámarksmunur verðtryggðra skuldabréfa
0 - 6 mánuðir	Ekki skilgreindur hámarksmunur	Ekki skilgreindur hámarksmunur
6 mánuðir - 2 ár	0,20%	Ekki skilgreindur hámarksmunur
2 - 4 ár	0,30%	0,30%
4 - 6 ár	0,35%	0,35%
6 - 9 ár	0,60%	0,60%
9 - 12 ár	0,70%	0,70%
12 - 18 ár	1,00%	1,00%
18 ár eða lengra	1,15%	1,15%

Flokkar gefnir út á fljótandi vaxtagrunni, með REIBOR eða aðra sambærilega vexti sem birtir eru opinberlega sem vaxtagrunnur, hafa 0,2% hámarksverðbil á kaup- og sölutilboðum.

Íslandsbanki greiðir viðskiptavökum þóknun og mun veita viðskiptavökum aðgang að verðbréfalánum.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is
Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

Um Íslandsbanka

Íslandsbanki er alhliða banki sem leggur áherslu á að koma til móts við þarfir viðskiptavina sinna og á sér langa sögu sem nær aftur til ársins 1875. Bankinn leggur áherslu á traustan rekstur og að hafa jákvæð áhrif í samfélaginu en hlutverk bankans er að vera hreyfiafl til góðra verka svo viðskiptavinir okkar nái árangri. Með framtíðarsýn um að skapa virði til framtíðar með því að veita framúrskarandi þjónustu, vinna þrjár viðskiptaeiningar þétt saman til þess að viðhalda góðum viðskiptasamböndum. Markaðshlutdeild bankans er sterk og rekur bankinn skilvirkasta útibúanetið á landinu og styður um leið við viðskiptavinina sína á stafrænni vegferð þeirra. Umhverfið sem bankinn starfar í er eftirsóknarvert og er Íslandsbanki vel í stakk búinn að takast á við tækifærin framundan með öflugar tæknilegar stoðir og sterkan efnahagsreikning. Íslandsbanki er með lánshæfismatið A3 frá Moody's Investor Services og BBB/A-2 frá S&P Global Ratings. Hlutabréf bankans eru skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Íslandsbanki semur um viðskiptavakt með sértryggð skuldabréf](#)